

## Fundargerð háskólaráðs

351. fundur föstudaginn 8. ágúst 2014

fundaherbergi 262, Borgum kl. 10.05 – 11.40

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 10.05 og bauð háskólaráðsfulltrúa velkomna.

Mættir voru auk hans:

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra  
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins  
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins  
Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda  
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs  
Svanfríður I. Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður  
Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Rektor kynnti dagskrá fundarins.

### 1. Fundargerð síðasta fundar, mál til kynningar

Fundargerð 350. fundar var borin upp og samþykkt.

- Rektor greindi frá helstu verkefnum sínum fyrstu vikunnar í starfi en hann hóf störf 1. júlí. Átti hann fund með forsætisráðherra og föruneyti þar sem meðal annars var rætt um fjármál háskólans.

Ólafur og Úlfar komu á fundinn og bauð rektor þá velkomna.

### 2. Rekstraryfirlit janúar-júní 2014 og horfur fyrir árið

*1403039*

Úlfar dreifði rekstraryfirliti janúar-júní og útskýrði það. Rekstrarstaða háskólans í heild er 50,07% af áætlun en viðmiðið er 50,00%. Rekstur fræðasviða er heldur yfir viðmiði en

eftir er að færa tekjur vegna verkefna og vegna rannsóknamissera. Launakostnaður við fræðasviðin er engu að síður ívið meiri en áætlað var.

Rekstur stjórnsýslu/stoðþjónustu, önnur verkefni sem og rekstur stofnana og setra með eigin tekjur er innan marka rekstraráætlunar.

Forsetum fræðasviða hefur verið falið að beita fyllsta aðhaldi í rekstri það sem eftir er árs.

Úlfar svaraði fyrirspurnum fundarmanna varðandi rekstrarstöðu skólans og horfur ársins.

Málið verður til umræðu á óformlegum fundi háskólaráðs, framkvæmdastjórnar og gæðastjóra, einkum viðbrögð við frávikum frá rekstraráætlun (launakostnaður).

Háskólaráð fól rektor að fylgjast mjög vel með framfylgd rekstraráætlunar innan starfseininga háskólans á næstu vikum.

Rektor þakkaði Ólafi og Úlfari fyrir og fóru þeir af fundinum.

### 3. Almennur starfsmannafundur – aðgerðaáætlun

*1403039*

Rektor lagði til að almennur starfsmannafundur skv. mannauðsstefnu yrði haldinn 12. sept. og var það ákveðið. Þar hyggst rektor kynna starfsfólki stöðu og möguleika háskólans með jákvætt raunsæi sem grundvallarviðhorf. Fram að háskólafundi mun rektor eiga viðræður við starfsfólk, m.a. á fræðasviðsfundum.

Rektor hyggst skapa vettvang fyrir mánaðarlega fræðslu/umræðu um hlutverk háskólans í samfélaginu, nánar skilgreint hverju sinni. Það yrðu opnir fundir og fengnir fyrirlesarar sem hafa eitthvað sérstakt fram að færa. Með þessu vill rektor efla bjartsýni og þar með eldmóð háskólasamfélagsins til góðra verka.

Stefna háskólans 2012-2017 liggur fyrir en undirbúningur fyrir stefnu 2018-2023 mun taka um tvö ár. Rektor nefndi stefnu vaxtar og alþjóðlegrar viðurkenningar og nokkra helstu mælikvarða í því sambandi.

Mikil umræða varð. Háskólaráð lýsti ánægju sinni með áform rektors varðandi þessi mál.

#### 4. Ársfundur 2014

1407016

Rektor lýsti hugmynd sinni um hlutverk ársfundar (auk lögbundinna ársfundarstarfa) sem hann álítur að eigi að vera sniðinn fyrir allt háskólasamfélagið, fundur sem starfsfólk vil ekki missa af. Viðraði rektor hugmyndir sínar um form ársfundar enn frekar og opnaði síðan umræðu um þær. Eftir mikla umræðu var ákveðið að rektor legði fram á næsta fundi mótaðar hugmyndir og dagsetningu ársfundar á hausmisseri. Dagsetningar sem um var rætt voru 16. 22. eða 23. október.

#### 5. Háskólafundur

1310009

Rektor var falið að finna hentugan tíma, kringum 20. nóvember, fyrir háskólafund.

#### 6. Funda- og verkáætlun háskólaráðs – haustmisseri 2014

Ákveðið var að fundatími háskólaráðs á haustmisseri verði kl. 10-12. Fundir verða:

Þriðjudaginn 30. september

mánudaginn 27. október (ath. þó dagsetn. m.t.t. þess hvenær háskólafundur verður)

mánudagur 24. nóvember

mánudagur 15. desember.

Á næsta fundi verður þetta endanlega staðfest.

#### 7. Önnur mál

Rektor ræddi um hugmyndir að nýju námsframboði við háskólann. Nefndi hann möguleika á samstarfi við aðra háskóla í þessu sambandi og kynnti áform sín um myndun tengsla við þá. Rektor hyggst ræða hugmyndir að nýju námsframboði við fjárveitingavaldið í tengslum við fjáráukalög 2014. Háskólaráð veitti rektor umboð til að fara í þessa vinnu.

Umsóknir um skólavist haustið 2014: 1260 umsóknir hafa borist, 641 umsókn er staðfest og skráningargjöld greidd en 307 umsóknir eru enn í innheimtu. 56 umsóknum hefur verið hafnað, 20 drógu umsókn sína til baka, 216 hafa ekki skilað fullgildum fylgiskjölum og um 20 umsóknir eru enn í skoðun. Umsóknatölur eru svipaðar og í fyrra. Aðsókn að námi er yfirhöfuð góð.

Rektor þakkaði fyrir sinn fyrsta fund með háskólaráði og sleit fundi kl. 11.40.